



# Læsisáætlun



Daðey Arnborg Sigþórsdóttir  
Sérkennslustjóri

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Inngangur .....	2
Leikskólinn Lækur .....	3
Læsi .....	4
Markmið læsistefnu Lækjar .....	5
Framkvæmd .....	5
Að bjóða upp á læsishvetjandi umhverfi .....	6
Lubbi finnur málbein .....	8
Vináttuverkefnið Blær .....	8
Vettvangsferðir .....	9
Tyllidagar tengdir læsi .....	10
Samvinna við foreldra .....	10
Samvinna leik- og grunnskóla .....	11
Málþroskaskimanir .....	11
Lokaorð .....	13

## Inngangur

Þann 26. maí 2015 skrifuðu bæjarstjóri Kópavogs, fulltrúi foreldra í Kópavogi og menntamálaráðherra undir þjóðarsáttmála um læsi, þar sem menntamálayfirvöld og sveitarfélagið einsetja sér að bæta læsi barna í Kópavogi. Sáttmálinn kveður meðal annars á um að sveitarfélagið setji sér markvissa stefnu og árangursviðmið um lestur. Í kjölfarið var gerð *Stefna Kópavogs um mál og lestur í leik- og grunnskólum*. Í henni er gert ráð fyrir að unnið sé út frá fimm grunnþáttum lestrar: Hljóðkerfis – og hljóðvitund, lesfimi, lesskilningi, orðaforða og hljóðrænni umskráningu. Framkvæmd stefnunnar byggir á að allt skólasamfélagið í Kópavogi taki höndum saman um að bæta árangur barna í lestri. Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur. Þannig skilum við nemendum okkar vel undirbúnum fyrir áframhaldandi nám, líf og leik í nútíma samfélagi.

## Leikskólinn Lækur

Leikskólinn Lækur starfar í anda Hugsmíðahyggju (e. Constructivism) auk þess sem tekið er mið af kenningum John Dewey, Loris Malaguzzi og Howard Gardners. Einkunnarorð skólans eru sjálfræði, hlýja og virðing. Sjálfræði er lykilorð í leikskólastarfinu, sjálfræði ber í sér réttindi, ábyrgð og skyldur. Kennarar Lækjar telja að sjálfræði sé markmið allrar menntunar og í raun forsenda lýðræðis. Að vinna í anda sjálfræðis þýðir að börnin fá mörg tækifæri til að taka ákvarðanir og bera ábyrgð, þau læra að skynja styrk sinn og ábyrgð í samræmi við þroska. Þegar börn fá að hafa áhrif á leikskólastarfið og eigin leik eykst áhugi og virkni þeirra sem hefur jákvæð áhrif á árangur í námi. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Kennarar eru sammála um að lýðræðisleg vinnubrögð auki sjálfsvitund og sjálfsöryggi barnanna og hjálpi þeim að taka tillit til skoðana og tilfinninga annara.

Kennarar Lækjar leggja megin áherslu á sjálfsprottinn leik, virkni og áhugahvöt barnsins. Gengið er út frá því að börn séu árvökul, forvitin, gagnrýnin og



sjálförugg í getu sinni til að velta fyrir sér málum, finna lausnir og segja það sem þeim raunverulega finnst. Þau hafa frumkvæði, koma fram með áhugaverðar hugmyndir, álitamál og spurningar og setja atriði í samhengi og framfylgja hugmyndum sínum.

Kennarar takmarka stýringu sína og gefa börnum tækifæri til að velja og bera ábyrgð, þeir hafa trú á getu barnanna og treysta þeim. Kennarar laga starf og áætlanir að áhuga og þörfum barnanna og taka tillit til skoðana þeirra. Hlutverk kennarans er að taka virkan þátt í starfinu og skapa áhugavert og hvetjandi námsumhverfi sem hæfir aldri og þroska barnanna og það einnig við um læsi og mál. Eins og

aðrir leikskólar þá starfar Lækur eftir Aðalnámskrá Leikskóla. Í Aðalnámskrá 2011 eru tilgreindir sex grunnþættir menntunar, *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.*

## Læsi

Á síðustu árum hafa hugmyndir um læsi breyst. Áður var læsi nánast eingöngu tengt við þá kunnáttu og færni sem þurfti til að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta, eða með öðrum orðum, að geta lesið og skrifað. Í dag snýst læsi um sköpun merkingar sem ræðst af þeirri reynslu sem einstaklingarnir hafa, og ýmsum aðstæðubundnum þáttum sem hafa áhrif á túlkun og skilning einstaklingsins. Læsi er því félagslegt í eðli sínu og ræðst af menningu, gildum, stund og stað. Merkingarsköpun á sér stað þegar einstaklingurinn getur tengt það sem hann les eða skrifar við eigin reynsluheim og því getur skilningur tveggja einstaklinga á sama textanum verið ólíkur. Í víðustu skilningu felur læsi í sér djúpan skilning á aðstæðum sem byggist á tengslum atburða við eigin reynslu og stuðlar þannig að merkingarsköpun. Með aukinni stafrænni tækni hefur hugtakið *nýlæsi* orðið til og á það við um merkingarsköpun sem verður til vegna lesturs/skriftar fyrir tilstilli tækninnar, þá með notkun tölva eða annarra stafrænna samskiptatækja. Læsi í leikskóla felur í sér að búa



yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Þannig læra börnin að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á sem fjölbreyttastan máta. Bernskulæsi er sú lestrar- og ritunarþróun sem á sér stað áður en börn byrja formlega að lesa og skrifa og tekur sú þróun mið af þekkingu, viðhorfum og þroska barnanna.



Það er mikilvægt að leikskólinn tryggi börnum aðstæður til að eiga jákvæð og fjölbreytt samskipti sem auðvelda þeim að endurskapa upplifun sína í gegnum leik og skapandi starf, tileinka sér skilning á merkingu ritaðs máls og tákna, velta vöngum sínum yfir menningu sinni og samfélagi,

sem og menningu annarra þjóða og nota til þess ólíkar leiðir og margvíslega tækni. Málörvun er því rauður þráður í starfnum og markvisst er unnið að því að efla málvitund barnanna. Gott samstarf milli foreldra og kennara er forsenda að góðum árangri. Hér á eftir verður sagt frá þeim leiðum sem kennarar í leikskólanum Læk nota til þess að efla læsi barnahópsins.

## Markmið læsistefnu Lækjar

Markmið með stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum er að árið 2020 geti 90% nemenda lesið sér til gagns og að áhugi þeirra á lestri hafi aukist frá því sem nú er. Skimunarpróf verða notuð til viðmiðunar. Við í leikskólanum Læk setjum okkur það markmið að leggja grunn að bernskulæsi, að börnin tileinki sér málhljóðin og þekkingu á bókstöfum, að efla hljóðkerfisvitund og orðaforða og að minnsta kosti 90% barna nái meðalfærni í málskilningi og máltjáningu samkvæmt matstækjunum Orðaskilum, EFI-2 og Hljóm-2 (nánar er sagt frá þeim í kaflanum *Málþroskaskimanir*).

## Framkvæmd

Til þess að unnt sé að ná settum markmiðum varðandi læsi og mál leikskólabarna er mikilvægt að settar séu fram leiðir sem notaðar eru í leikskólanum. Fyrst og fremst er mikilvægt að stuðla að því að börnum og starfsfólki líði vel í leikskólanum. Ef líðan barna er góð þá er það líklegra til að tileinka sér og taka þátt í því námi sem hér fer

fram og ánægðir kennarar eru líklegri til að miðla efni til barnanna á árangursríkan hátt. Einn liður í því að skapa öryggi og bættu líðan í barnahópnum er að sjónrænt skipulag sé aðgengilegt fyrir öll börn þannig að þau sjái hvað hver dagur mun bera í skauti sér. Því er mikilvægt að setja upp sjónrænt dagskipulag á hverri deild og fara yfir daginn með börnunum í samverustund að morgni. Aðrar leiðir til að efla læsi eru að bjóða upp á læsishvetjandi umhverfi, notkun á kennsluefninu Lubbi finnur málbein og Vinátturverkefnisins Blær, fjölbreyttar vettvangsferðir, samstarf við aðra skóla, samstarf við foreldra og halda upp á Dag bókarinnar og Dag íslenskrar tungu ásamt því að beita snemmtækri íhlutun eftir því sem við á og meta málþroska barnanna með reglubundnu eftirliti. Fjallað verður nánar um hvern þessara þátta hér að neðan.

### Að bjóða upp á læsishvetjandi umhverfi

Hér í Læk leggjum við áherslu á að kennarar séu góðar fyrirmyndir, tali skýrt og rétta íslensku og noti fjölbreyttan orðaforða. Kennarar leggja sig fram við að nota opnar spurningar þannig að svar barnsins reyni



á orðaforða þess og máltjáningu eftir því sem þroski þess leyfir. Mikilvægt er að hlusta á börnin, gefa þeim tíma til að tjá sig og mynda setningar og grípa ekki fram í fyrir þeim né svara fyrir þau. Kennarar hvetja börnin til þess að lesa, segja og spinna sögur, tjá tilfinningar sínar og líðan, heilsa og kveðja og þakka fyrir sig eftir því sem

við á. Mikilvægt er að kennarar og börn séu hvött til að setja orð á allar athafnir sínar og að kennarar veiti jákvæða tilsögn til barnanna með því að endurtaka á réttan hátt það sem barnið kann að hafa sagt vitlaust í stað þess að leiðrétta. Þannig staðfestir kennarinn það sem barnið sagði og barnið heyrir rétta



málnotkun. Þá leggjum við áherslu á að kennarar sæki sér endurmenntun, kynni sér nýngar í starfi og kennslufni sem stuðlar að bættu læsi. Kennarar leggja sig fram um að miðla hugmyndum og efni sín á milli og styðja hvern annan á jákvæðan hátt við að prufa sig áfram með nýjar hugmyndir og kennsluáferðir í starfi.

Í leikskólanum eru fjölbreytt tækifæri til að efla læsi. Í samverustundum er ýmist sungið, lesið sögur, hlustað á geisladiska, farið með ljóð eða þulur. Þar fara einnig fram ýmsar umræður.

Mikið er lagt upp úr fjölbreytni við miðlun efnis til barnanna, til að mynda loðtöflusögur, tússtöflur og

spjaldtölvur. Börnin taka virkan þátt í að velja bækur og efni á lýðræðislegan hátt, allt eftir aldri þeirra og þroska. Kennarar leggja sig fram við að velja vandaðar bækur og vekja barnahópin til umhugsunar um höfund og atburðarrás þeirra fyrir og eftir lesturinn hverju sinni. Sönglög og þulur eru valin af kostgæfni og textar eru túlkaðir og ræddir. Reynt er eftir fremsta magni að gera sönglögin sjónræn með notkun tákna og hreyfinga.



Í hópastarfi fer einnig fram fjölbreytt starf. Unnið er með kennslufnið Lubbi finnur málbein, Vináttuverkefnið Blær og ýmisleg verkefni sem tengjast útikennslu, tónlist, myndlist, læsi og stærðfræði. Börnin læra um sig sjálf og nánasta samfélag. Í matmálstímum tileinka börnin sér almenna borðsiði og

fjölbreyttan orðaforða sem tengist mat og matarvenjum. Á litla Læk sitja börnin til borðs með kennara sem aðstoðar þau eftir fremsta megni og á samræður við börnin um matinn og daglegt líf. Í stóra Læk er flæði í matartímanum þar sem stuðlað er að sjálfstæði barnanna. Þau fá sér af sameiginlegu hlaðborði og sitja til borðs án kennara. Sætaval er frjálst og félagatengsl eru mjög áberandi í matartímanum. Börnin eiga líflegar og góðar samræður á jafningjagrundvelli yfir matnum. Í fataherberginu er lagt



upp með að hafa fá börn í einu. Þar er talað um hlutina um leið og við framkvæmum þá og þannig tileinka börnin sér orðaförða sem tengist fatnaði, veðri og ýmsu öðru. Kennarar í Læk leggja sig fram við að leggja orð á athafnir sínar í gegnum daglegt starf og auðga þannig orðaförða og málþroska barnanna á náttúrulegan hátt.

### Lubbi finnur málbein



Lubbi finnur málbein er kennsluefni þar sem lögð er áhersla á íslensku máhljóðin. Börn með veikleika í hljóðkerfis- og hljóðavitund eiga oft mjög erfitt með að tileinka sér hljóð og heiti bókstafanna. Með því að nota Lubbatáknin við stafainnlögn má í raun segja að hljóðanámið fari fram í þrívídd þar sem þriðju víddinni, táknum, er bætt við heyrnrænu og sjónrænu skynjunarleiðirnar. Með því að nota Lubbatáknin nýta börnin sér bæði merkingarlega þýðingu tákna og vöðvaminni til stuðnings og minnisfestingar bókstafa og hljóða. Lubbatáknin koma jafnframt að mjög góðum notum við framburðarþjálfun barna. Í stóra Læk höfum við

máhljóð vikunnar á skólalagatalinu og veitum því sérstaka athygli þá vikuna. Við syngjum Lubba lögin í samverustundum og vinnum ýmisverkefni úr smiðjum Lubba. Þá er unnið að því að koma af stað máhljóða safni, litlum kössum sem hafa að geyma hluti sem byrja á máhljóðum Lubba.

### Vináttuverkefnið Blær

Vináttuverkefni Barnaheilla er forvarnarverkefni gegn einelti. Markmið Vináttuverkefnisins er að móta jákvæðan skólabrag og viðhalda honum, að börnin tileinki sér umburðarlyndi og virðingu og þrói með sér umhyggju fyrir hvert öðru. Þá er lagt upp með að gildin sem verkefnið byggir



á, umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki verði daglegur og eðlilegur hluti af skólastarfi og að koma í veg fyrir einelti ásamt því að þróa aðferðir og verkfæri til forvarna gegn einelti. Verkefnum fylgir bangsinn Blær ásamt því að hvert og eitt barn á sinn eigin hjálparbangsa sem geymdur er í leikskólanum. Einnig fylgja því spjöld með persónum og atburðum sem við vinnum með í hópavinnu ásamt verkefnum, sögum, nuddhefti og tónlist. Settar eru upp aðstæður, einskonar klípusögur, með aðstæðum sem eru líklegar til að koma upp í leikskólaumhverfinu og börnin ræða mögulegar lausnir. Þau hugleiða tilfinningar sínar og setja sig í spor annarra auk þess sem þau æfa sig í því að koma tilfinningum sínum í orð. Hér fer því fram mikilvæg innlögn á orðaforða tengdum líðan og tilfinningum.

### Vettvangsferðir

Í Læk er mikið lagt upp úr að taka þátt í viðburðum sem nærsamfélagið hefur upp á að bjóða. Reglulega er farið í vettvangsferðir sem hæfa þroska og aldri barnanna. Börn á litla Læk fara til dæmis í strætóferðir, gönguferðir um Kópavogsdal og heimsóknir yfir á stóra Læk. Börn í stóra Læk fara reglulega í heimsókn á Bókasafn Kópavogs, fara á menningarviðburði í Hörpu og Salnum, heimsækja Þjóðminjasafnið og Árbæjarsafn og Náttúrugripasafnið svo eitthvað sé nefnt. Í öllum þessum ferðum er lagt upp með að kynna menningu fyrir börnunum.



### Tyllidaðar tengdir læsi

Á hverju skólaári er sérstök dagskrá í kringum Dag læsis þann 8. september, Dag íslenskrar tungu sem er 16. nóvember og Dag barnabókarinnar í byrjun apríl. Á þessum dögum er safnast saman í Kjarrinu á litla Læk og Mýrinni í stóra Læk þar sem ýmist eru sungin íslensk þjóðlög eða lesnar sögur eða leikrit.



### Samvinna við foreldra



Í Læk er lögð mikil áherlsa á samvinnu við foreldra. Á hverju hausti er haldinn foreldrafundur þar sem starfssemi leikskólans er kynnt. Foreldraviðtöl eru haldin árlega og oftast ef þörf krefur. Á vorin eru haldnir kynningarfundir fyrir foreldra nýrra barna og þeim kynnt stefna

leikskólans. Þá leggja kennarar sig fram við að skrifa daglegar upplýsingar til foreldra á upplýsingatöflur sem eru staðsettar við hverja deild, fréttapóstur eru sendir reglulega og/eða birtir á heimasíðu skólans auk þess sem mánaðardagatöl og skóladagatöl eru aðgengileg við hverja deild og á heimasíðu skólans. Mikilvægt er að allir vandi dagleg samskipti og viðhaldi upplýsingaflæði í báðar bóga. Foreldrar eru hvattir til þess að fylgjast með skólastarfinu og taka þátt í viðburðum á vegum leikskólans.

### Samvinna leik- og grunnskóla

Leikskólinn Lækur og Smáraskóli hafa síðustu ár eflt samskipti sín á milli með auknum skólaheimsóknnum. Elstu börn Lækjar heimsækja Smáraskóla og fyrstu bekkingar í Smáraskóla koma í heimsókn í Læk. Á hverju vori fundar sérkennslustjóri með fulltrúum Smáraskóla og miðlar upplýsingum um börn sem hafa haft stuðning í leikskólanum samkvæmt úthlutunarreglum menntasviðs Kópavogs. Þá funda sérkennslustjóri og deildarstjórar elstu deilda með fulltrúum Smáraskóla að hausti eða vori og miðla upplýsingum um væntanlega nýnema í Smáraskóla.



### Málþroskaskimanir

Í Læk eru ýmsar skimanir og athuganir notaðar í daglegu starfi til þess að fylgjast með þroska barnanna. Sérstök áhersla er lögð á málþroska og því höfum við lagt fyrir þrjár mismunandi málþroskaskimanir eftir aldri barnanna.

Orðaskil-málþroskapróf byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfis til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Prófin henta einnig vel til þess að fylgjast með framvindu í málþroska barna með málþroskaraskanir.



EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Barn og kennari eiga rólega stund og skoða saman myndabók. Svör barnsins gefa vísbendinu um hvar það er satt í málþroskaferlinu. Þessi skimun kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins og tilgangurinn er að finna þau börn sem þurfa á auka málörvun að halda.

Hljóm-2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) leikskólabarna á aldrinum 4 ára, 9 mánaða og 16 daga – 6 ára, 1 mánaða og 15 daga. Á þessum aldri fara börnin að leika sér á annan hátt með tungumálið, þau búa til ný orð og fara að bullríma eða finna út hvaða orð ríma saman og hver ekki. Þessi orðaleikur þeirra er undanfari lestrarnáms. Niðurstöður úr Hljóm-2 geta sagt til um hvaða börn geta verið í áhættu fyrir lestrarörðugleika síðar meir. Prófbættirnir eru sjö;

- 1) rím sem reynir á heyrnræna úrvinnslu,
- 2) samstöfur þar sem barnið klappar atkvæðin í ákveðnum orðum,
- 3) samsett orð, hér heyrir barnið tvö orð og á að setja saman í eitt,
- 4) hljóðgreining, þar sem barnið þarf að hlusta eftir ákveðnum hljóðum í orðum
- 5) margræð orð þar sem greint er hvaða tvær myndir af fjórum nota orð sem hljóma eins eða næstum eins,
- 6) orðhlutaeyðing, þar sem barnið þarf að hlusta eftir hvaða orð verður eftir ef fyrri hluta orðsins er sleppt og að lokum
- 7) hljóðtenging, sem felst í því tengja 2-3 máhljóð heyrnrænt í orð.

Til að meta árangur á milli ára verður haldið utan um niðurstöður málþroskaskimananna og þær bornar saman á milli ára. Stutt verður við þau börn sem ná ekki meðaltalsfærni með sérstökum málörvunarhópum á hverri deild eða í sérkennslu eftir því sem við á.



## Lokaorð

Leikskólinn Lækur hefur verið starfræktur frá því 11. maí 1994 (áður Smárahvammur og Kjarrið) og fagnar því 24. starfsári sínu í vor. Í gegnum árin hefur starfið verið í stöðugri þróun og endurskoðun með þátttöku kennara, barna og foreldra. Slík þróun er mikilvægur liður í því að viðhalda faglegu og metnaðarfullu starfi. Kennarar eru hvattir til að sækja sér menntun í formi námskeiða hvort sem um er að ræða nám sem gefur réttindi í starfi eða fræðslu. Starfsandinn í Læk er góður og kennarar eru samhenntir um að efla starfið í Læk í hvívetna. Mikilvægt er að nota fjölbreyttar aðferðir í starfinu með börnunum til að halda áhuga þeirra lifandi eins og farið hefur verið yfir í þessari skýrslu. Læsisstefna sem þessi mun að auðvelda kennurum skólans að rækta og tileinka sér þær aðferðir og leiðir sem að framan greinir og um leið gera markmið Lækjar hvað varðar læsi leikskólabarna sýnileg og áþreifanleg þannig. Kennarar og foreldrar barna í Læk munu leggja sitt af mörkum til að stuðla að bættu læsi barna í Kópavogi.